



## Fundargerð ungmennaráðs 11. febrúar 2019

### Fundur Ungmennaráðs Vopnafjarðar

11. febrúar 2019, haldinn í Miklagarði kl. 16:00

Mætt til fundar: Björgvin Geir Garðarsson, Mikael Viðar Elmarsson, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Bergþóra M. Sveinsdóttir og Einar Gunnlaugsson. Einnig sátu fundinn Þórhildur Sigurðardóttir og Magnús Már Þorvaldsson, er tók neðangreint saman.

### Dagskrá:

1. mál: **UMFÍ – ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði.** Ungmennaráð UMFÍ boðar til ungmennaráðstefnu Ungt fólk og lýðræði í Borgarnesi 10.-12. apríl nk. undir yfirskriftinni *Betri ég! Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér?* Ráðstefnan er ætluð ungu fólki 16-25 ára og er þátttökufjöldi takmarkaður. Ungmennaráð Vopnafjarðar sendi fulltrúa til ráðstefnunnar með undanþágu fyrir fulltrúa sinn?

Samhljóða samþykkt að fresta ákvörðun til næsta fundar. Ítrekað við fulltrúa í kringum 15. mars en svar þarf að liggja fyrir eigi síðar en 26. mars.

2. mál: **Umboðsmaður barna – þing um málefni barna.** Umboðsmaður boðar til þings um málefni barna dagana 21.-22. nóvember nk. þar sem fjallað verður um málefni barna – þ.á.m. um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Niðurstöður og ályktanir þingsins verða kynntar í ríkisstjórn. Ungmennaráð Vopnafjarðar sendi fulltrúa til ráðstefnunnar?

Lagt fram til kynningar en taka þarf afstöðu til málsins á vetrinum.

3. mál: **Afgreiðsla sveitarstjórnar – fundargerð ungmennaráðs 28.11.2018.** Bókun sveitarstjórnar: Varðandi a-lið: Sveitarstjórn fagnar áhuga nefndarfólks á sveitarstjórnarfundum og hvetur það til að sækja þá þegar það telur sig eiga erindi. Varðandi b-lið og c-lið: Samþykkt að hefja vinnu við frístunda-, og æskulýðsstefnu sveitarfélagsins. Varðandi d-lið: Skoðað verður að skipta út hjólabrettarampi á skólalóð fyrir önnur tæki sem yrðu betur nýtt. Samþykkt að huga að ástandi skólalóðar og grípa til bráðabyrgðaaðgerða ef þörf er á þangað til farið er í heildarframkvæmdir á lóðinni. Samþykkt samhljóða.

Lagt fram til kynningar fyrir fulltrúa í ungmennaráði.

4. mál: **Önnur mál – Félagsmiðstöð:** Þörf er á að skoða og laga hljóðkerfi miðstövar. Einar tók að sér að skoða málið. Húsgögn gengin úr sér, vantar orðið staflanlega kolla 6-8 stk. Eins mun vera þörf á 2 borðum sambærilegum og eru í Miklagarði. **Rúta milli þéttbýlis Vopnafjarðar og Hringvegjar:** Ungmennaráð óskar

eftir umfjöllun innan sveitarstjórnar þess efnis hvort hægt verði að koma á rútuferðum á föstudögum og sunnudögum sem t.a.m. framhaldsskólanemar geta nýtt sér. Ferðirnar miðist við akstur Strætós.

**Líkamsrækt:** a. Endurnýjun á líkamsræktartækjum á áætlun sveitarfélagsins? Núverandi tæki eru flest frá 2003. b. Breyting verði gerð á aðstöðu líkamsræktar, að því gefnu að hún verði áfram á sama stað, með smíði gólfs á einni hæð?

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt - fundi slitið kl. 16:52.